

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Breiðdalsvík, 19. apríl 2017

Umsögn Hótel Bláfells á Breiðdalsvík um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402

Friðrik heiti ég og rek Hótel Bláfell á Breiðdalsvík ásamt ferðaskrifstofunni Travel East Iceland. Ég hef verulegar áhyggjur af þróuninni í gengismálum krónunnar sem skilar sér í hærri verðum fyrir okkar gesti og ég tala nú ekki um áform ríkisstjórnarinnar varðandi hækkun á virðisaukatts á greinina.

Staðan hjá hótelinu er þannig núna að við höfum aldrei séð eins mikið af afföllum (afbókunum) áður fyrir sumar vertíð og ástæðan er alltaf sögð gengi krónunnar (hækkun á verði) og þarf að leiðandi næst ekki að selja í hópa sem bókaðir eru.

Við höfum fjárfest gífurlega mikið á undanförmum árum bæði í gistingu og veitingaaðstöðu. Við erum með ríflega 40 herbergi og veitingaaðstöðu fyrir 500 manns en við tókum á móti mikið af hópum í hádeginu.

Fyrir fáeinum árum voru aðallega ferðamenn hérna yfir hásumarið og var “seasonið” frá miðjum júní og fram yfir miðjan ágúst. Þetta hefur breyst mikið undanfarin ár og er í dag reitingur frá apríl og út október en okkur vantar mikið upp á til að loka árinu. Þessi lenging á tímabilinu hefur gert það að verkum að við þurfum fleira starfsfólk og í lengri tíma og er ég í dag með 6-8 manns á heilsársgrundvelli.

Staðan er hinsvegar sú að þar sem hérna er lítið að gera frá nóvember fram í apríl þá er nánast hægt að segja að það sé arðvænlegra að hafa bara opið yfir sumarið og hafa engan í vinnu yfir veturinn þar sem veturinn étur upp sumarhíruna. En ef það er gert þá tapast alltaf þekking úr fyrirtækinu og fólk missir störf. Við erum búin að bíða eftir að veturinn verði eitthvað hérna en erum nánast búinn að gefast upp á að bíða.

Það þarf að koma stuðningur frá ríkinu hvað varðar markaðssetningu á landsbyggðinni til að hægt sé að halda úti heilsársstarfsemi sem skapar störf og eykur gæði í greininni.

Þetta útspil með virðisaukaskattshækkunina kemur hins vegar bara til með að eyðileggja þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað hér og skapa atvinnuleysi í framhaldi. Það eru augljósu áhrifin hér á svæðinu.

Við þurfum að ná að lengja hérna tímabilið til að auka gæði, þjónustu og skapa störf. Austurlandið verður alltaf flöskuháls á sumrin ef hérna verður bara sumartúrismi og þar að leiðandi verður alltaf örtröð áfram á suðvestur hluta landsins. Menn fara ekki út í fjárfestingar fyrir nokkra mánaða tímabil það segir sig sjálf.

Hækkun á virðisaukaskattinum á ferðaþjónustuna mun hafa skelfilegar afleiðingar á ferðaþjónustufyrirtæki eins og okkur hér á Austurlandi sem höfum verið að byggja upp erfiðan rekstur og atvinnu á svæðinu undanfarin ár.

Virðingarfyllst,
Friðrik Árnason
Hótel Bláfell, Breiðdalsvík